



**A 1691/presidiet**

Flytjandi:  
Flokkahópur hægrimanna

Afgreiðsla:  
Forsætisnefnd

Málsnúmer: 16-00275-2

## Þingmannatillaga um úttekt á Nord Stream 2

### Tillaga

Flokkahópur hægrimanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

að þær láti kanna Nord Stream 2 út frá sjónarmiðum umhverfis- og öryggismála og varnar- og utanríkismálastefnu.

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til sænsku ríkisstjórnarinnar

að hún hafi samráð við grannríkin á Eystrasaltssvæðinu um Nord Stream 2 og veki máls á því við framkvæmdastjórn ESB.

### Forsaga

Eitt helsta viðfangsefni Norðurlanda er að skapa nútímalegt orkukerfi sem er tæknilega öruggt og traust en einnig út frá sjónarmiðum umhverfis- og öryggismála. Öll norrænu löndin eru sammála um að þau eigi að geta spjarað sig betur án jarðefnaorku um leið og þróaðir eru nýir endurnýjanlegir orkugjafir.

Rússar ráðgera að leggja stóra gasleiðslu um Eystrasaltið, Nord Stream 2, þrátt fyrir að sú gasleiðsla sem fyrir er sé ekki nýtt til fullnustu.

Eigi færri en þrjár ástæður eru fyrir því að Norðurlandaráð ætti að vera á varðbergi gagnvart áformum Rússa.

Fyrst ber að nefna umhverfismálin. Verði gasleiðslum til Evrópu fjölgað verða löndin enn háðari jarðefnaorku en áður. Brýtur það í bága við markmið þeirra í loftslagsmálum. Orkubandalag ESB, en í því eru einnig lönd á Evrópska efnahagssvæðinu, vinnur að því að auka fjölbreytni í orkuneytlu Evrópubúa og nýta fleiri en ekki færri orkulindir. Hið risastóra rússneska orkufyrirtæki Gazprom myndi eitt koma að gasleiðslunni Nord Stream 2. Markmið orkuhóps Norðurlandaráðs er að auka framleiðslu endurnýjanlegrar orku sem seld verði á markaðsverði. Gasleiðsla um

Eystrasaltið gengur þvert á það markmið. Ástand vistkerfis Eystrasaltsins er slæmt fyrir og myndi versna enn frekar ef ný gasleiðsla bætist við.

Þá ber að nefna öryggismálin. Á þeim tíma sem liðinn er frá því að Nord Stream 1-gaspípan var lögð um botn Eystrasaltsins hefur ástandið í öryggis- og orkumálum Evrópu versnað til muna. Á Norðurlöndum verða menn varir við ógnandi framferði Rússa sem ítrekað ögra alþjóðalögum. Sem dæmi má nefna stríðsátökin í Úkraínu, innlimun Krímskaga og heræfingar Rússa á Eystrasaltssvæðinu. Þá er hætt við að sjálf mannvirkjagerðin hafi neikvæð áhrif á öryggisástandið á norrænum grannsvæðum. Á meðan á smíðinni stendur munu Nord Stream-verktakarnir hafa aðgang að hernaðarlega mikilvægum höfnum í Svíþjóð á við Slite og Karlshamn og eykur það hættu á njósnum og flugumönnum. Gazprom er afar umdeilt fyrirtæki sem stendur meðal annars að orkuvinnslu á ólöglega hernumdum svæðum á Krímskaga.

Þriðja ástæðan til að vera á varðbergi er hættan á að ný gasleiðsla grafi undan norrænu og evrópsku samstarfi. Rússar munu beita yfirburðastöðu sinni í orkumálum til þess að skapa misklíð milli Norðurlandþjóða, milli landanna sunnan við Eystrasalt og Norðurlanda, milli Norður- og Suður-Evrópu og milli Evrópusambandsins og Úkraínu og annarra landa sem standa utan við sambandið. Þegar fleiri lönd verða háð rússnesku gasi til að tryggja framboð á orku eykst þrýstingurinn á að aflétta þeim viðskiptaþvingunum sem Evrópulöndin hafa komið sér saman um. Þegar viðskiptaþvingunum verður aflétt verður ástæðan að vera sú að Rússar virði alþjóðleg lög og rétt.

Kaupmannahöfn, 13. október 2016

*Bengt Morten Wenstøb (H)*  
*Bente Stein Mathisen (H)*  
*Brynjar Níelsson (Sj)*  
*Elín Hirst (Sj)*  
*Hans Wallmark (M)*  
*Heidi Nordby Lunde (H)*  
*Juhana Vartiainen (Saml)*  
*Lars-Arne Staxäng (M)*

*Lena Asplund (M)*  
*Michael Tetzschner (H)*  
*Norunn Tveiten Benestad (H)*  
*Rasmus Jarlov (KF)*  
*Susanna Koski (Saml)*  
*Sylvi Graham (H)*  
*Thomas Finnborg (M)*  
*Wille Rydman (Saml)*

Norðurlandaráð

## **A 1691/presidiet**

Flytjandi:  
Flokkahópur hægrimanna

Afgreiðsla:  
Forsætisnefnd

Málsnúmer: 16-00275-2